

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2020
UST202010-097/G.R.G.
11.08

Tillögur um veiðistjórnun á rjúpu 2020

Umhverfisstofnun leggur til að engar breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða sem ákveðið var í fyrra, sbr. reglugerð nr. 816/2019, í samræmi við veiðistjórnunar tillögur sem Umhverfisstofnun sendi ráðuneytinu 2. júlí 2019 (UST201902-301). Tillögurnar byggja á þeirri stefnu stjórnvalda að veiðar skuli vera sjálfbærar.

Fyrir liggur að mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á veiðipoli rjúpnastofnins árið 2020. Veiðipolið er metið 25.000 fuglar sem er um 35% af metnu veiðipoli stofnsins árið áður. Aftur á móti er stofninn í niðursveiflu á Norðausturlandi þar sem afkoma tegundarinnar var afleit en útreikningar á veiðipoli og stofnstærð byggja á gögnum fyrir Norðausturland. Það hefur þau áhrif að stofnstærðin og þ.a.l. veiðipól, er mögulega vanmetið, líkt og fram kemur í bréfi Náttúrufræðistofnunar Íslands til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í erindinu kom jafnframt fram að enginn ágreiningur er til staðar um ástand stofnsins 2020 og árangur veiðistjórnunar undanfarin 15 ár en staða stofnsins var kynnt Umhverfisstofnun, ráðuneytinu og hagsmunasamtökum á fundi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands 10. september sl.

Veiðistjórnunartillögur Umhverfisstofnunar árið 2019 voru afurð fremur umfangsmikils samráðs stofnana og hagsmunaaðila og í tillögunum var m.a. vikið að því að samráðsaðilar hafi verið sammála um að ein meginforsenda þess að mögulegt verði að beita virkri veiðistjórnun til framtíðast sé sú að Náttúrufræðistofnun Íslands verði tryggt nægilegt fjármagn til að halda áfram endurskoðun stofnlíkans rjúpunnar. Sömuleiðis voru samráðsaðilar sammála um að fjöldi leyfilegra veiðidaga virðist ekki hafa jafn mikil áhrif og áður hefur verið talið á stofn rjúpu, veiðihegðan veiðimanna o.fl. atriði. Í því samhengi er vert að nefna að í fyrra er talið að veiddar hafi verið um 60.000 rjúpur á 22 veiðidögum en árið áður voru veiddar 57.000 rjúpur á 15 dögum. Þannig sýna gögn Umhverfisstofnunar t.d. að fjöldi sóknardaga veiðimanna hefur haldist nokkuð jafn óháð því hver fjöldi leyfilegra veiðidaga er. Í þessu samhengi er það mat Umhverfisstofnunar að fleiri veiðidagar hafi jafnframt jákvæð áhrif á öryggi veiðimanna sem og áhrif veiða á streitu hjá rjúpu þar sem að færri veiðimenn eru á veiðislóð á hverjum veiðidegi. Allt frá því að rjúpnaveiðar voru bannaðar árin 2003 og 2004 hefur veiðidögum að meginstefnu fjölgað í litlum skrefum þannig að fjöldinn er ákveðinn til þriggja ára í senn sem gerir Umhverfisstofnun kleift að halda áfram að leggja mat á það hvaða áhrif, ef einhver, fjöldi leyfilegra veiðidaga hefur raunverulega á veiðisókn og heildarveiði. Umhverfisstofnun

gerir að svo stöddu ráð fyrir því að sú þróun muni halda áfram við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlana en líklegt er að sú vinna hefjist af fullum krafti á nýju ári að því gefnu að frumvarp um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra nái fram að ganga.

Líkt og áður segir er talið að veiddar hafi verið 60.000 rjúpur á síðasti ári en þá var veiðiþol stofnsins metið 72.000 rjúpur. Árið 2018 voru veiddar 57.000 rjúpur en þá var veiðiþol stofnsins metið 67.000 rjúpur. Þessar tölur og tölur lengra aftur í tímann sýna að veiðar endurspeglar stofnstærð en í ljósi þess að stofninn og veiðiþolið í ár er líklega vanmetið er rétt að benda á að möguleiki er á því að veiðar verði umfram metið veiðiþol. Að þessu sögðu er það mat Umhverfisstofnunar að veiðar geti orðið allt að 33.000 rjúpur með hliðsjón af veiðitölum frá árunum 2011 og 2012 en þá var mat á veiðiþoli sambærilegt matinu í ár. Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til breytinga fyrirkomulagi rjúpnaveiða vegna þess að stofninn er í niðursveiflu á því landsvæði sem mat á veiðiþoli byggir á sbr. greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands.


Hagsmunasamtök hafa undanfarið hafið umræður um svæðavernd rjúpunnar og þá aðallega friðun hennar á Suðvesturlandi. Á næstunni er ráðgert að halda samráðsfund með Náttúrufræðistofnun Íslands og hagsmunasamtökum til að rifja upp og endurskoða forsendur fyrir friðun rjúpunnar á Suðvesturlandi, en ljóst er að rannsóknir sem voru ein meginforsenda friðunarinnar á sínum tíma hafa ekki gengið eftir eins og áætlað var. Umhverfisstofnun hyggst þó ekki leggja til breytingar að svo stöddu en telur vert að rannsaka betur ýmis atriði í tengslum við svæðavernd rjúpunnar, t.a.m. hversu stórt raunverulegt gríðland hennar er í raun með hliðsjón af náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum þar sem veiðar eru bannaðar eða takmarkaðar sem og hvort friðun á Suðvesturlandi hafi áhrif á veiðisókn með hliðsjón af íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu.

Þrátt fyrir að lagt sé til að ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða í ár mun Umhverfisstofnun leggja enn ríkari áherslu á að hvetja veiðimenn til hófsamra veiða og þá sérstaklega á Norðausturlandi með hliðsjón af ástandi stofnsins þar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Bjarni Pálsson
teymisstjóri